



Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1833*  
*komudagur 20.4.2012*

Húsavík, 19. apríl 2012  
nr. erindis 201203109

Á 43. fundi bæjarráðs Norðurþings var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Atvinnuveganefnd Alþingis, 657. mál til umsagnar, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða**

Fyrir bæjarráði liggur til umsagnar mál nr. 657 frá Atvinnuveganefnd Alþingis, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Bæjarráð samþykkir að gera sameiginlega, tillögu að ályktun, fjölda sveitarfélaga og fulltrúa þeirra, vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, að sinni.

Ályktunin er eftirfarandi:

Við undirrituð vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við „umhleypingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja“. Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu „ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að“, enda skorti enn þann „langtímaástöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum“.

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að „umhleypingum“ með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með en minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.


Við slíkt verður ekki unað.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Norðurþings



**NORÐURÞING**

  
Guðbjartur Ellert Jónsson  
Fjármálastjóri – staðgengill bæjarstjóra  
Norðurþing - Húsavík